

2/1/2019/ Minnisblað FHG - Fyrirtækja í hótél og gistingjónustu til samráðshóps um gjalddöku í ferðagjónustu.

Efnisyfirlit:

Bakgrunnur.....	1
Tvíþætt verkefni stjórnvalda	1
Gistingin, helsta skattaandlagið, er aðeins 14% af veltu í ferðagjónustu	2
Brýnt að leiðrétta skekkjur í rekstrarumhverfi	3
Brýnt að taka á ólöglegri starfsemi	3
Hættulegt að breyta gistináttaskatti í veltuskatt og færa til sveitarfélaga.....	3
Tillögur FHG.....	4
Aðgerðir til að leiðrétta rekstrarumhverfið	4
Aðgerðir gegn svartri og leyfislausri starfsemi	4
Aðgerðir í skatta- og gjalddökumálum	4
Fylgiskjöl.....	5
Fylgiskjal 1. Endanleg niðurstaða félagsmanna SAF	5
Fylgiskjal 2. Dæmi um þróun gjaldstofns hjá Reykjavíkurborg	6
Fylgiskjal 3. Vanframtaldar tekjur af leyfislausri starfsemi.....	6
Fylgiskjal 4. Afkoma í gistingjónustu	7

Bakgrunnur

Um mitt ár skipaði ráðherra ferðamála starfshóp sem á að fjalla um gjalddöku af ferðagjónustu. Starfshópurinn er skipaður þeim aðilum sem skipa stjórn Stjórnstöðvar ferðamála og mun vinna hans fara fram undir formerkjum SF. Starfshópnum er ætlað að vera vettvangur samráðs varðandi leiðir til gjalddöku í ferðagjónustu.

SAF hefur setið sem fulltrúi ferðagjónustunnar en FHG hefur lýst áhuga á aðkomu að gjalddökunefnd enda er hótélgeirinn helsta andlagið í sértækri gjalddöku á ferðagjónustuna og er skemmst að minnast þreföldunar gistináttaskattsins frá 1. sept. 2017.

Með þessu minnisblaði vill FHG koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Grunnstefið er að ekki er þörf á frekari gjalddöku í ljósi þess að tekjur ríkisins vaxa jafnt og þétt gegnum virðisaukaskattkerfið, eldsneytisgjöld, áfengisgjald o.fl. með auknum fjölda ferðamanna.

Tvíþætt verkefni stjórnvalda

Verkefni yfirvalda, gagnvart gistingjónustunni, er tvíþætt. Annarsvegar þarf að leiðrétta rekstrarumhverfið þannig að allir aðilar sem selja gistingu sitji við sama borð og hinsvegar þarf að taka á ólöglegri og svartri starfsemi þannig að bragur sé að. Aukin skattheimta á þann hluta gistingjónustunnar sem skilar sköttum og skyldum er afar misráðin við þessar aðstæður.

Núverandi staða

Samþjöppun og hagræðing í sjávarútvegi og landbúnaði hefur leitt af sér fækkun starfa úti á landi. Það er því afar mikilvægt að huga að samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar ef hún á að taka við af þessum greinum. Þegar hótél er byggt verður það ákveðin kjölfesta í uppbyggingu annarar ferðaþjónustu á viðkomandi svæði – líkt og þegar nýr togari kemur í byggðalagið. Það er mikilvægt að átta sig á að í núverandi rekstrarumhverfi halda bankar og a.m.k. stærri hótélkeðjurnar að sér höndum við frekari uppbyggingu úti á landi.

Gistingin, helsta skattaandlagið, er aðeins 14% af veltu í ferðaþjónustu

Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan er velta gistiþjónustunnar aðeins um 14% af heildarveltu ferðaþjónustunnar. Engu að síður hefur gistingin verið helst til umræðu þegar kemur að skattlagningu á atvinnugreinina.

Virðisaukaskattskyld velta	1. sept. 2017 til 31. ág. 2018	
í ferðaþjónustu	Velta	% af heild
Velta alls (milljónir króna)	677.244	100,0%
- Rekstur gististaða	96.321	14,2%
- Farþegaflutningar með flugi	295.601	43,6%
- Veitingasala- og þjónusta	98.316	14,5%
- Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur	113.251	16,7%
- Bílaleigur	50.879	7,5%
- Farþegaflutningar á landi	22.875	3,4%

Heimild: Hagstofan

Erlendir gestir á Íslandi eru neytendur og greiða neysluskatta. Ætla má að það verði á næstu áruum um 50.000 fleiri, að meðaltali, á neytendamarkaði dag hvern, eða um 2 milljónir á ári, til að greiða:

- Virðisaukaskatt af neysluvörum, gistingu og þjónustu.
- Eldsneytisgjöld, sem nema 60% af verði selds eldsneytis á neytendamarkaði
- Áfengisgjald.
- Að ógleymdum gistináttaskatti, sem var þrefaldaður á árinu 2017, aðgerð sem ekki sér fyrir endann á.

Auknar tekjur ríkisins af ofangreindri neysluskattheimtu eru tugir milljarða á ári. Með auknum fjölda og verðmætari ferðamönnum aukast tekjur ríkisins sjálfkrafa og fyrir liggur að nettótekjur af ferðamönnum 2017 voru um 60 milljarðar. Erlendir gestir skapa störf, og af þeim eru greiddir skattar og skyldur. Þeir efla fjárfestingu, tryggja félagslegan styrk samfélaga og efla búsetu í dreifðum byggðum.

Erlendir gestir styðja við umfangsmiklar flugsamgöngur til landsins og ekki síður styðja þeir við uppbyggingu á samgönguleiðum innanlands. Áform eru uppi um frekari vegagjöld, sem ferðamenn munu einnig greiða. Umferð og eftirspurn ferðamanna tryggir verslun og vörudreifingu í dreifbýli. Með öðrum orðum styrkir byggðir landsins, bætir búsetuskilyrði og þjónustu við almenning.

Í ljósi þess að gistingin er aðeins 14% af veltu í ferðaþjónustunni, vekur sókn ríkis og sveitarfélaga í frekari skattheimtu af gistingunni, mikla furðu. Ekki síst ef horft er til afkomu í greininni og þá ekki síst úti á landi.

Brýnt að leiðrétta skekkjur í rekstrarumhverfi

Landsbyggðin og suðvesturhornið eru nú eins og tveir heimar hvað varðar uppbyggingu í hótél og gistiþjónustu (Fylgiskjal 4). Stuðla þarf að heilbrigðri atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni frekar en að mæta eftirspurninni eftir gistingu með íbúðaleigu, sumarhúsaleigu, camperbílum og skemmtiferðaskipum. Þetta er lögleg starfsemi sem er annaðhvort undanþegin sköttum eða finnur sér leið framhjá þeim sköttum sem hefðbundin gistiþjónusta greiðir.

Nýverið fóru ferðaskrifstofur að bjóða hringferðir um landið þar sem gist er í skipum. Það ásamt camperbílum er dæmi um hvernig markaðurinn bregst við síhækkandi álögum á hefðbundna gistiþjónustu.

Þá er íbúða- og sumarhúsaleiga í 90 daga á ári undanþegin leyfisskyldu, virðisaukaskatti, gistináttaskatti, og greiðir auk þess aðeins 0,18% fasteignaskatt á meðan leyfisskyld starfsemi greiðir næstum 10 sinnum meira eða 1,65% af fasteignamati svo dæmi sé tekið frá Reykjavík.

Brýnt að taka á ólöglegri starfsemi

Svört og leyfislaus starfsemi er stæsta áhyggjuefni rekstraraðila í gistiþjónustu. Það má í raun líta á það sem pólitíska fyrirgreiðslu til svartrar atvinnustarfsemi að hún hafi fengið að vaxa og dafna árum saman án þess stjórnvöld hafi tekið þar fast á málum. Það á engin atvinnugrein að búa við slíkt. T.d. er um helmingur framboðinna herbergja í miðborg Reykjavíkur, íbúðir sem langflestar tilheyra umfangsmiklu skuggahagkerfi (sjá fylgiskjal 3), sem ekki lýtur leyfakerfi greinarinnar.

Engin atvinnugrein býr við jafn harða samkeppni frá svartri starfsemi og gistiþjónustan og rökin fyrir sértækri skattheimtu á þennan hluta atvinnulífsins eru vandfundin.

Hættulegt að breyta gistináttaskatti í veltuskatt og færa til sveitarfélaga

Undanfarin misseri hefur umræða um tekjur sveitarfélaga af ferðaþjónustu verið áberandi. Gríðarlegur þrýstingur er af hálfu sveitarfélaganna að fá til sín gistináttaskattinn, sem nú rennur í ríkissjóð.

Meginhluti gistinátta fellur til í Reykjavík og hugmyndir sem uppi eru um að færa gistináttaskattinn til sveitarfélaga eru áhyggjuefni og munu ýta enn frekar undir pólariseringuna milli Reykjavíkur og landsbyggaðarinnar. Næstum 2/3 hlutar gistinátta falla nú til í Reykjavík og það verður aldrei ágreiningslaust að flytja þá peninga út á land með gamaldags millifærsluaðgerðum.

Hugmyndir um að gera gistináttaskattinn hlutfallslegan vekja miklar áhyggjur innan hótélgeirans. Það er ekkert tilefni til að búa til nýjan veltuskatt á gistiþjónustuna og þær prósentutölur sem viðraðar hafa verið bera vott um algert skilningsleysi á á geiranum. Spörin hræða þegar litið er til þróunar annarra skattstofna sveitarfélaganna. (Fylgiskjal 2)

Gistináttaskattur er sértækur skattur sem eykur enn frekar samkeppnisforskot aðila sem eru undanþegnir skattinum svo ekki sé talað um svarta starfsemi sem greiðir enga skatta.

Tillögur FHG

Gerð er krafa um það af hálfu stjórnvalda að ferðapjónustan skili eigi minna en 2 milljörðum beint í ríkiskassann til viðbótar því sem þegar kemur inn. Mikilvægt er að gerður sé greinarmunur á aðgerðum sem miða að því að leiðrétta augljósar skekkjur í rekstrarumhverfi greinarinnar og aðgerðum til að sporna við ólöglegri og svartri starfsemi.

Aðgerðir til að leiðrétta rekstrarumhverfið

Af einhverjum ástæðum hefur það verið torsótt að lækka skatta sem einu sinni hafa verið lagðir á. Tilhneigingin er að allar breytingar leiði til hækkunar enda fáir lögaðilar til varnar þegar kemur að gistipjónustunni. Á það skal bent að það er augljóslega mun skilvirkari leið að fella alfarið niður gistináttaskatt en að þróa skattinn og leggja hann á aðila sem eru undanþegnir skattinum s.s. orlofshús, fjallakofar, íbúðaleiga, sumarhúsaleiga, camperbílar og skemmtiferðaskip.

Rétt er að halda því til haga að ekkert norðurlandanna leggur á gistináttaskatt.

Aðgerðir gegn svartri og leyfislausri starfsemi

Sóknarfæri stjórnvalda til tekjuaukningar felst einkum í því að innheimta vanframtdar tekjur af leyfislausri starfsemi. Skilningur fer sem betur fer vaxandi á þessu vandamáli og nýlega var kynnti ferðamálaráðherra frumvarp, sem vekur vonir um að taka eigi á þessum málum af alvöru. FHG hefur lýst stuðningi við frumvarpið í umsögn sem skilað var inn á leyfagátt stjórnarráðsins í október s.l. (sjá heimasíðu FHG: <https://www.fhg.is/frettir-greinar/frv-til-brt-%C3%A1-l%C3%B6gum-um-veitingasta%C3%B0i-gistista%C3%B0i-og-skemmtanahald-nr-85-2007>). Fáir frumvarpið brautargengi mun það slá á þann ofsagróða sem nú er hægt að sækja með ólöglegri Airbnb útleigu. Að auki munu vanframtdar tekjur skila sér betur og aðeins neðanjarðarhagkerfið í miðborg Reykjavíkur mun skila þeim 2 milljörðum, sem stjórnvöld leita að, og gott betur (sjá fylgiskjal 3).

Aðgerðir í skatta- og gjaldtökumálum

Stæstu útgjaldaliðir í hótélrekstri eru laun og kostnaður vegna fasteignarekstrar. Gistingin er því mjög viðkvæm fyrir háu tryggingagjaldi, sem er veltuskattur á laun svo og fasteignaskatti, sem víðast er 1,65% af fasteignamati.

Gistináttaskattur var nýverið þrefaldaður og rétt er að halda því til haga að ofan á skattinn er lagður virðisaukaskattur. Fasteignaskattar skráfast jafnt og þétt upp og eru tvöfalt hærri en að meðaltali á Norðurlöndunum. Afar hægt gengur að lækka tryggingagjald, sem var hækkað gríðarlega í kjölfar bankahrunsins. Þá eru ný gjöld fundin upp s.s. byggingaréttargjald og innviðagjald, sem í raun hafa allt yfirbragð skattheimtu og þ.a.l. ólögleg gjaldtaka af hendi sveitarfélaga í ljósi þess að það er eingögnu Alþingi sem hefur skattlagningarheimild á fyrirtæki og almenning.

Sértækir skattar á lítinn hluta atvinnulífsins eru vondir skattar. Dæmi um slíka skatta er gistináttaskattur og bankaskattur. Nú er hafin lækkun á bankaskattinum og það er skýlaus krafa FHG að fallið verði frá gistináttaskattinum, sértækri skattheimtu á gistipjónustuna, sem skilar ekki miklu í ríkissjóð. Gistináttaskatturinn eykur mjög á óréttlæti í greininni og það eykur mjög á óvissu til framtíðar ef svo hrapalega tækist til að skatturinn yrði fluttur til sveitarfélaga til frekari þróunar og gerður að veltuskatti. Sporin hræða þegar horft er til þróunar skattstofna sveitarfélaganna, t.d. fasteignaskatta, en þeir hafa tvöfaldast á 20 árum. Þá munu tekjur 12 stærstu sveitarfélaga af fasteignaskatti aukast um 3,5 ma.kr. milli ára ef

horft er til álagningar á komandi ári. (Heimild S.A. Tíu staðreyndir um fasteignaskatt útg. 18.12.2018)

Þróun skattstofna sveitarfélaganna á atvinnulífið s.s. fasteignaskatta, fráveitugjalda og nú síðast innviðagjalda og byggingaréttargjalda er með þeim hætti að FHG leggst eindregið gegn því að gistináttaskatturinn verði færður til sveitarfélaga. Krafan er að gistináttaskatturinn verði aflagður.

Ýmis áform eru uppi sem gætu aukið tekjur af ferðamönnum s.s. innheimta eðlilegra þjónustugjalda. Einnig hafa veggjöld verið nefnd til sögunnar. Ef slík gjaldheimtukerfi verða byggð upp með svipuðum hætti og þekkt er úr Hvalfjarðargöngum munu t.d. ferðamenn bera hlutfallslega meiri þunga af gjaldtökunni en landsmenn sem nota vegakerfið reglulega. Verkefnið er að þróa þessi kerfi í góðu samráði við ferðaþjónustuna. Hraðari uppbygging vegakerfisins mun koma öllum landsmönnum til góða og ferðaþjónustunni ekki síst.

Megináhersla FHG er að byggja um heilbrigt rekstrarumhverfi í gistipjónustu, en til þess að svo megi verða þurfa allir að sitja við sama borð. Sú leið sem FHG leggur til er að stjórnvöld auki tekjur sínar með því að innheimta skatta og skyldur af leyfislausri starfsemi og vinni að frekari uppbyggingu í ferðaþjónustu í góðri sátt við atvinnugreinina. Sjálfbær uppbygging mun stuðla að auknu umfangi greinarinnar, sem aftur mun skila miklum tekjum í ríkissjóð til langrar framtíðar.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Endanleg niðurstaða félagsmanna SAF

**Niðurstaða
félagsmanna SAF árið
2014 var komugjöld
eða vsk leið/fjárlög.**

1. Komugjöld
2. VSK leið/fjárlög
3. ESTA leið
4. Gistináttagjald
5. Einkasjóður
6. Náttúrupassi
7. Gjald pr. stað

Endanleg niðurstaða meðal félagsmanna SAF

FORGANGSRÖÐUN		1	2	3	4	5	
		1 = mið gildi 1 = mið gildi	2 = mið gildi 1 = mið gildi	3 = mið gildi 1 = mið gildi	4 = mið gildi 1 = mið gildi	5 = mið gildi 1 = mið gildi	
Lýðskráðir til árangurs E		Lágar rekstrar kerfið	Akspól skattur skattur	Einfalt og skattur	Gjaldtaka á skattur	Hæð gjalda skattur	
VÆG/E		90%	80%	70%	60%	50%	
VALKOSTUR							
KOMUGJÖLD	C	5,0	5,0	4,7	5,0	2,7	4,7
VSK LEIÐ / Fjárlög	G	4,8	5,0	4,3	3,8	2,3	4,4
ESTA LEIÐ	E	3,3	4,5	3,5	4,0	3,2	4,0
GISTINÁTTAGJALD	B	4,3	4,2	3,5	3,5	3,7	3,9
EINKASJÓÐUR	F	2,3	4,8	2,7	1,8	2,8	3,5
NÁTTÚRUPASSI	A	2,0	2,3	2,8	2,3	4,3	2,5
GJALD PR STAÐ	D	1,0	1,0	1,5	2,7	5,8	1,8

SAF kynnti "endanlegar niðurstöður" félagsmanna á árinu 2014 í kjölfar umfangsmikillar skoðanakönnunar. Ekki hefur verið farið eftir þessum tillögum.

Fylgiskjal 2. Dæmi um þróun gjaldstofns hjá Reykjavíkurborg

Þróun fráveitugjalds sem gjaldsstofns í Reykjavík

Fyrst hét það skítaskattur – svo holræsagjald – og nú fráveitugjald

• Hækkun gjaldskrár vegna fráveitugjalds

	Fast gjald	Breytilegt gjald þ.e. gjald pr. fm	Hækkun gjaldskrár
2010	5.102	196,92	
2011	6.693	258,35	31,2%
2012	8.263	318,95	23,5%
2013	8.967	346,13	8,5%
2014	9.262	357,52	3,3%
2015	9.379	362,02	1,3%
2016	9.946	383,90	6,0%

• Heildarálagning fráveitugjalds í Reykjavík fyrir árin 2011-2015 er eftirfarandi:

• 2011	3.250.027.254
• 2012	4.008.408.580
• 2013	4.316.088.859
• 2014	4.480.172.890
• 2015	4.574.159.940

• Heimild Orkuveitan

FHG lýsir áhyggjum sínum vegna áforma stjórnvalda að færa gistináttaskattinn til sveitarfélaga. Þannig yrði búin til nýr Reykjavíkurskattur. Þróun fráveitugjaldsins er dæmi um gjalddöku sem hefur bara vaxið. Nýverið tilkynnti forstjóri OR í lítilli blaðagrein að ekki stæði til að lækka fráveituskattinn aftur eins og lofað var. Hann yrði notaður til "innri uppbyggingar"

Sjá einnig heimasíðu S.A. Tíu staðreyndir um fasteignaskatt útg. 18.12.2018)

<https://www.sa.is/frettatengt/frettir/tiu-stadreyndir-um-fasteignaskatt>

Fylgiskjal 3. Vanframtaldar tekjur af leyfislausri starfsemi.

Útrýma svartri starfsemi þannig að opinber gjöld skili sér
Bara í 101 Reykjavík eru um 4,5 milljarða króna vanframtaldir.

Óskráð gisting - áætlaðar vanframtaldar tekjur og opinber gjöld

		Kr.
Fjöldi herbergja í boði í 101		6.000
Meðalnýting á ári		70%
Seldar gistinguætur á ári	365	1.533.000
Meðalverð á herbergi		14.000
Heildartekjur á ári		21.462.000.000
Virðisaukaskattur af tekjum	11%	2.360.820.000
Gistináttaskattur	300	459.900.000
Launakostnaður sem ekki er gerð grein fyrir	30%	6.438.600.000
Tryggingagjald	6,85%	441.044.100
Staðgreiðsla	18,5%	1.191.141.000
Áætlaðar tapaðar tekjur samtals		4.452.905.100

Fasteignaskattur er þá ótalin.

Löglegur rekstur greiðir 1,65% en íbúðir 0,18%. Mismunurinn er 1,47%,

Ef við gefum okkur 3.000 íbúðir og að fasteignamat meðalíbúðar í 101 sé 25 m.kr. er fasteignaskattur vantinn um 1.100 m.kr.

Opinberir aðilar hafa mikil tækifæri til tekjuaukningar með því að innheimta vanframtaldar tekjur af leyfislausri starfsemi. Neðangreint er unnið í samráði við KPMG.

Fylgiskjal 4. Afkoma í gistiþjónustu

Afkoma í gistiþjónustu á landsbyggðinni hefur verið óviðunandi þrátt fyrir fordæmalaust góðæri í atvinnugreininni í heild. Afkoman í Reykjavík er viðunandi.
(Heimild: KPMG. Könnun gerð fyrir Ferðamálastofu í október 2018)

Gisting

Rekstrarupplýsingar fyrir árið 2017

Yfirlit um rekstur hótela 2017					
		Landsbyggðin			Allt landið
	Reykjavík	Vesturland	Norðurland	Suðurland	Samtals
Tekjur					
Sala á gistingu	66,1%	56,2%	57,5%	60,1%	64,5%
Sala á veitingum	29,0%	42,8%	41,4%	38,0%	31,4%
Aðrar tekjur	4,9%	1,0%	1,1%	2,0%	4,2%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður					
Vörunotkun	8,9%	14,4%	11,8%	15,0%	9,9%
Laun og launatengd gjöld	38,7%	53,5%	51,0%	42,0%	40,4%
Húsnæðiskostnaður	18,6%	15,7%	28,9%	22,4%	19,7%
Annar rekstrarkostnaður	17,0%	20,5%	15,6%	9,7%	16,2%
Afskriftir	5,2%	5,3%	2,4%	2,1%	4,7%
Rekstrarkostnaður	88,3%	109,4%	109,8%	91,3%	91,0%
Rekstrarhagnaður (-tap)	11,7%	-9,4%	-9,8%	8,7%	9,0%
EBITDA framlegð	16,9%	-4,1%	-7,4%	10,9%	13,7%



© 2018 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðili eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.



13

Rekstur hótela á landsbyggðinni janúar - júní 2018				
	Landsbyggðin			
	Vesturland	Norðurland	Suðurland	
Tekjur				
Sala á gistingu	57,8%	52,9%	60,4%	
Sala á veitingum	41,3%	46,4%	38,0%	
Aðrar tekjur	0,9%	0,7%	1,6%	
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	
Rekstrarkostnaður				
Vörunotkun	12,3%	13,1%	14,9%	
Laun og launatengd gjöld	53,4%	54,0%	49,5%	
Húsnæðiskostnaður	28,6%	34,6%	26,4%	
Annar rekstrarkostnaður	11,7%	18,7%	10,2%	
Afskriftir	4,1%	2,0%	2,0%	
Rekstrarkostnaður	110,2%	122,4%	103,0%	
Rekstrarhagnaður (-tap)	-10,2%	-22,4%	-3,0%	
EBITDA framlegð	-6,1%	-20,4%	-1,0%	

- Verulegur munur á afkomu eftir landshlutum.
- Norðurland með áberandi lægstu afkomuna.
- Nokkur munur á launakostnaði milli landshluta.
- Húsnæðiskostnaður hærra hlutfall af tekjum en á höfuðborgarsvæðinu.



© 2018 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðili eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.



11

Fyrir hönd stjórnar FHG - Fyrirtækja í hótél og gistiþjónustu
Kristófer Oliversons formaður